

Aðalfundur Landssambands heilbrigðisstofnana (LH)

Radison BLU Saga Hotel, Hagatorgi, Reykjavík,
föstudaginn 14. nóvember 2014
klukkan 11:00 – 15:45.

Fundargerð: Hildigunnur Svavarsdóttir setur fundin, kynnr dagskrá hans.

- **Kosning fundarstjóra og fundarritara.** Sigurður Siguðarson er skipaður fundarstjóri og Nínu Hrönn Gunnarsdóttir sem fundarritara
- **Skýrsla formanns og stjórnar.** Hildigunnur Svavardóttir (HS) les skýrslu formanns og stjórnar (Sjá viðhengi) þar sem kom fram að fjórir stjórnarfundir hefðu verið haldnir á starfsárinu ýmist í Reykjavík, í síma eða í tengslum við vorfund sambandsins. Hlutverk sambandsins er að stuðla að samstarfi stofnana og heilbrigðisyfirvalda, gangast fyrir upplýsinga og fræðslustarfsemi í þágu stofnana og síðast en ekki síst að stuðla að rannsóknum innan heilbrigðisþjónustunnar. Á stjórnarfundum sl. starfsárs hefur hinsvegar mestmegnis verið unnið að „praktískum“ þáttum og lítil vinna lögð í ofangreinda þætti, stefnumótun eða framtíðarsýn sambandsins en það er eitthvað sem stjórn vill gjarnan leggja meiri áherslu á á komandi starfsári. HS fór yfir að vorfundur sambandsins hafi farið fram á Ísafirði dagana 29-30 apríl, hann sóttu rúmlega 50 manns. Þema fundarins var tvískipt annarsvegar um öldrunarmál og hins vegar um leiðtogahæfni og stjórnun. Ákveðið hefur verið að næsti vorfundur fari fram í Borgarfirði dagana 16-17 apríl 2015 og á Suðurnesjum vorið 2016. HS sagði frá því að heimasíða sambandsins hafi verið formlega opnuð á vorfundinum á Ísafirði og mun Nína Hrönn Gunnarsdóttir sjá um umsjón hans. Í skýrslu formanns var farið yfir áskoranir stjórnanda í heilbrigðiskerfinu og ekki sýst nú í sambandi við sameiningu stofnanna á Norðurlandi, Vestfjörðum og Suðurlandi. Fram kom að mikið álag hefur verið á öllu starfsfólki heilbrigðiskerfisins og huga þyrfti sértaklega að mannauði þar sem verkfall lækna stæði yfir og urgur í fleiri fagstéttum. HS lagði til að aðalfundurinn myndi senda stjórnvöldum ályktun um að tekið verði á þessum vanda sem við okkur blasir og var hún samþykkt með lítillhátta breytingum (sjá viðhengi) .
- **Reikningar sambandsins lagðir fram til afgreiðslu.** Þróstur Óskarsson (ÞÓ) gjaldkeri fór yfir reikninga sambandsins sem gerðir eru að endurskoðun Vestfjarða. ÞÓ upplýsir að ekki hafi verið innheimt árgjöld fyrir árið 2013-2014 vegna tæknilegra erfiðleika. Árni Sverrisson skoðunarmaður reikninga hefur samþykkt ársreikninginn. Reikningurinn var samþykktur af meirihluta fundarins.
- **Tillaga um árgjald næsta árs.** ÞÓ bar upp tillögu stjórnar að breytt yrði gjöldum sem stofnanir greiða til sambandsins vegna sameininga stofnanna. Lagt til að Landspítalinn greiði 100 þús kr. Á ári, Sjúkrahúsið á Akureyri 75. þús.kr., Heilsugæsla Höfuðborgarsvæðisins, heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni og Hrafnista greiddi 50 þús. Kr. og aðrar sjálfseignarstofnanir greiddu 30 þús. Kr. fundurinn samþykkti þessa tillögu stjórnar af meirihluta fundarmanna.
- **Fjárhagsáætlun næsta starfsárs.** Lögð fram og kynnt þar sem kemur fram að innkoma sambandsins er áætluð 775 þús kr. Mestu útgjöld sambandsins eru vegna vorfunda þar sem fyrirlesurum er greiddur ferðakostnaður og þóknun auk kostnaðar við aðalfund sambandsins. Auk þess er greitt fyrir hýsingu heimasíðu.
- **Lagabreytingar.** Engar tillögur af lagabreytingar komu fram
- **Kosning formanns (til eins árs).** Hildigunnur Svavarsdóttir gaf kost á sér til áframhaldandi setu, enginn önnur framboð komu fram og var kosning Hildigunnar samþykkt án mótmæla.

- **Kosning annarra stjórnarmanna og varamanna (til tveggja ára)** Eftirtaldir gáfu kost á sér til setu í stjórn: Jón Hilmar Friðriksson, Nína Hrönn Gunnarsdóttir, Elís Reynaldsson og Pétur Magnússon ge. Kosning þeirra var samþykkt án móttmæla fundarmanna
- **Kosning tveggja skoðunarmanna og eins til vara (til eins árs).** Kost á sér gáfu Árni Sverrisson og Þröstur Óskarsson, kostning þeirra var samþykkt án móttmæla fundarmanna.
- Önnur mál
 - Tillaga af ályktun frá landsambandinu um stöðu í heilbrigðismálum var lögð fram og rædd. Valþór Stefánsson tók til máls og talaði frá sjónarhorni lækna en hann er námsfulltrúi í sérnámi heimilislækna, hann lýsir mikill ólgu í læknahópnum sérstaklega hjá ungum læknum, hann vill að fundurinn álykti um málefnið. Jón Hilmar Friðriksson tók næstur til máls og taldi ályktun brýna. Bjarni Jónasson tekur í sama streng en veltir fyrir sér áherslum í síðustu málsgrein og leggur til að skrifa “ hvetur stjórnvöld að bæta kjör og aðstöðu heilbrigðisstarfsmanna” fundurinn samþykkir þessa breytingu , Árni Sverrisson fagnar ályktuninni en leggur til að áherslur verði auknar á að áhyggjur stjórnanda séu miklar þannig setningin myndi hljóða “Staðan er grafalvarleg og mun skaða heilbrigðisþjónustuna í landinu ef ekkert verður að gert” fundurinn samþykkir þessa breytingartillögu. Herdís Gunnarsdóttir fagnar ályktuninni en leggur til að þær verði tvær þar sem áhersla verði lögð annarsvegar á stefnu stjórnvalda í heilbrigðismálum og hins vegar á stöðuna eins og hún er í dag. Fundurinn samþykkt að halda sig við eina tillögu en breytti

Fleira ekki tekið fyrir og aðalfundi slitið kl 12:15